



Lífsleikni 6. bekkur 2024-2025

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum.

Námsgreinin lífsleikni á að efla alhliða þroska nemandans. Það felur m.a. í sér að nemandinn geri sér far um að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann eflir félagsþroska sinn og borgaravitund, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Í lífsleikni er ekki verið að kenna nemendum þau fræði sem námsgreinin byggist á heldur eru þau nýtt til að fjalla á uppbyggilegan og markvissan hátt um hugmyndir, lífssýn og reynslu nemenda.

Lífsleiknin er samofin öllu skólastarfi og öllum skólabrag. Ein ákveðin kennslustund í lífsleikni er í viku hverri þar sem ákveðnir þættir námskrár eru teknir fyrir þar sem kennari hefur umræðu og eflir nemendur til að taka þátt. Bekkjarfundir eru reglulegir, sáttmálavinna er gerð í upphafi hvers skólaárs og í er sérstakt Vinapema unnið í 5. bekk sem tekur 3-4 vikur.

Kennsluaðferðir eru ýmist umræður, bekkjarfundir, samvinnuverkefni, leikir og hópeflisverkefni.

Námsefni og gögn - Hvað notum við í náminu.

Fjölbreytt námsgögn, hefti, kvikmyndir, leikir og fleira.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar: Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson.